

Umsögn Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um vinnutillögur að  
HverfisSKIPULAGI Hlíða.  
Reykjavík 09. febrúar 2022.

*„HverfisSKIPULAG er deiliskipulag fyrir gróin hverfi sem á að gera þau  
vistvænni og sjálfbærari og þróa byggðina í takt við breyttar áherslur í  
samfélaginu. HverfisSKIPULAGIÐ mun einnig einfalda íbúum að sækja um  
breytingar á fasteignum sínum eða lóðum.*

*Öll gróin hverfi borgarinnar munu fá sérstakt hverfisSKIPULAG þar sem  
m.a. er mótuð stefna um breytingar á húsnæði, fjölgun íbúa, samgöngur,  
græn svæði og styrkingu verslunar og þjónustu í hverfunum. Markmiðið  
er einnig að bæta og fegra borgarumhverfið og hvetja til heilsueflandi og  
jákvæðra athafna. Jafnframt er lögð áhersla á að færa mótun  
borgarumhverfisins nær íbúum með virku samráði.”*

Við, fulltrúar í íbúaráði Miðborgar og Hlíða fögnum þeim áformum sem  
eru í tillögum á HverfisSKIPULAGI fyrir Hlíðar og markmiðum þess.  
HverfisSKIPULAGIÐ virkar í stærra og smærra samhengi. Það einfaldar  
íbúum að fara í breytingar á fasteignum sínum, skapar markviss tækifæri  
fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu, það vinnur að því að sameina  
alla frábæru hverfishlutana m.a. með þjóðþrifaframkvæmdinni Miklubraut  
í stökk og gerir hverfið grænna og mannvænna. HverfisSKIPULAGIÐ hefur  
verið í bígerð frá 2015 og fjöldi íbúa í hverfinu á öllum aldri hefur tekið  
þátt í samráði um það. Við viljum hrósa starfsfólki HverfisSKIPULAGSINS  
fyrir markvissa og skapandi samráðsvinnu þar sem þau hafa lagt sig  
fram að ná til íbúa í hverfinu. Við viljum einnig hrósa og þakka íbúum  
sem tóku þátt í samráðsvinnunni og gáfu tíma sinn og orku til þess að  
vinna að betra hverfi. Við hlökkum til þess að sjá hvað þetta samráðsferli  
núna frá nóvember 2021 - febrúar 2022 gefur inn í  
HverfisSKIPULAGSVINNUNA og hvernig tillögurnar verða mótaðar áfram í  
framhaldinu.

Við drögum fram hér á eftir nokkur atriði sem við viljum hnykkja  
sérstaklega á.

## **Mannvænar og grænar Hlíðar.**

Hlíðar (allir hverfishlutar þess frá Nauthólsvíkinni og að Hlemmi) er dásamlegt hverfi með perlum eins og Öskjuhlíðinni og Nauthólsvík og hjarta hverfisins á Klambratúni.

Það felast forréttindi og lífsgæði að búa í Hlíðum, hver hverfishluti með sína sérstöðu og sjarma. Hverfið er miðsvæðis í borginni, stutt í alla þjónustu, þaðan eru góðar samgöngur og auðvelt að nýta sér fjölbreyttan ferðamáta og virkar samgöngur.

Mikilvægt er að allt framtíðarskipulag og úrbætur í hverfinu séu unnar á forsendum algildrar hönnunar og að aðgengi fyrir öll sé lagt til grundvallar.

**Stokkur eykur lífsgæði í Hlíðum til mikilla muna. Við fögnum því sérstaklega að Miklubrautarstokkur verði að veruleika og öðrum róttækum aðgerðum sem stuðla að sameiningu hverfishluta í Hlíðunum, auknu öryggi fyrir íbúa, bættum loftgæðum og hljóðvist og viljum að hann fari í forgang og verði til ekki seinna en nýr Landspítali verður tekinn í notkun 2025 / 26.**

Hverfið líður fyrir það að stórar umferðaræðar skera hluta þess í sundur. Kringlumýrarbraut afmarkar það að austanverðu og svo eru Miklabrautin og Bústaðavegur með umferðarmestu stofnbrautum borgarinnar og skera hverfið að endilöngu í V-A áttir. Með því að minnka áhrif sem umferðaræðarnar hafa með fjölbreyttum aðgerðum verða Hlíðarnar sterkari heild og betri tengingar verða við Íþróttasvæðið og við Öskjuhlíðina. Það er því sérstaklega ánægjulegt að sjá tillögur í Hverfisskipulagi þar sem fara á í róttækar aðgerðir til þess að sameina hverfishlutana og setja mannvænt og grænt hverfi í forgang.

Í samráðsferli við gerð tillagna að nýju Hverfisskipulagi á síðasta kjörtímabili kom enn og aftur skýrt fram að vilji íbúa í hverfinu er að fá stokk! Við fögnum því sérstaklega að STOKKUR mun loksins koma á Miklubraut og Miklabrautin verði borgargata sem þjónar íbúum hverfisins og gegnumaksturinn fari undir götuna. Það mun stuðla að meira öryggi fyrir íbúa í hverfinu sem ganga og rúlla um hverfið, betri hljóðvist, betri loftgæðum og aukinni útivist

Á svæðinu verða til almenningsrými, göngusvæði, og torg í stað malbiks og mengunar. Mikilvægt er að stökkurinn fari í forgang og verði að veruleika ekki seinna en 2025/26 þegar nýr Landspítali verður tekinn í notkun.

**Betri og öruggari tengingar við hverfin í kringum okkur...og Kópavog. Fleiri öruggar göngu- og hjólatengingar vantar yfir Kringlumýrarbraut, Bústaðaveg, Snorrabraut og Lönguhlíð. Við fögnum vistloki yfir Kringlumýrarbraut og viljum sjá það verða að veruleika.**

Í nýju hverfisskipulagi verður til betra flæði og tengingar á milli hverfa, Miðborgar í Vestur og Kringlumýrarbrautar í Austur.

**Snorrabraut:** Við Snorrabraut er áætlað að verði borgarlínu stöð og Snorrabraut verður borgargata með minni umferð ökutækja og meira öryggi fyrir fólk sem ferðast með virkum hætti, gangandi, rúllandi og hjólandi brýnt er að fara skarpt í þessar aðgerðir og greiða leiðir fyrir íbúa á milli þessa nágrannahverfa 105 og 101 með því að hægja á hraða á Snorrabrautinni og opna fleiri öruggar göngu og hjólaeiðir yfir götuna. Mikilvægt er að í allri þróun við Snorrabrautina sem annars staðar er að breytingar verði til þess að bæta lífsgæði og umhverfisgæði íbúa. Komi „brautarstöð“ að öll hönnun og umhverfi verði til þess að bæta og efla hverfið sem fyrir er í kring og tengja saman 101 og 105.

**Kringlumýrarbraut:** Fara þarf í róttækar aðgerðir til þess að gera Kringlumýrarbraut mannvænni og að hún fái ekki að rjúfa hverfin með þeim hætti sem hún gerir í dag. Það vantar að hægja á umferð og gera öruggar göngu og hjólatengingar yfir hana á mörgum stöðum, sérstaklega á kaflanum frá Háaleitisbraut og að Kringlumýrarbraut. Við styðjum það að vistlokið verði að veruleika yfir Kringlumýrarbraut, það mun tengja íbúabyggð saman og bæta lífsgæði.

**Kópavogur:** Snorrabrautarásinn frá sjónum norðanmegin og yfir í Kársnesið verður bylting þegar brúin kemur yfir í Kópavog og tengir Hlíðarnar við Kársnesið. Allt þetta skiptir máli fyrir íbúa í Hlíðum og styður við markmið um betri og sjálfbærari hverfi.

**Hverfamörk.**

Við viljum að það verði skoðað í Hverfisskipulagi að stækka hverfamörk Hlíðanna þannig að Bríetartúnið tilheyri Hlíðum eða miðborg en ekki

Laugardalnum. Í núverandi tillögum ná Hlíðarnar að Laugavegi og Hlemmi. Mikilvægt er að rýna þetta með íbúum við Bríetartún sérstaklega.

### **HRAÐI, öryggi og fleiri vistgötur**

Ný hraðaáætlun í borginni er fagnaðarefni. Minni hraði þýðir meira öryggi og betri hljóðvist. Við viljum draga enn frekar úr hraða í Lönguhlíð en nú er gert ráð fyrir og vísun í umsögn okkar um hraðaáætlun borgarinnar þar sem við oskum eftir 30 km hraða á henni allri. Við viljum einnig fjölga vistgötum og gera íbúum við götur auðveldara að sækja um að gera sínar götur að vistgötum.

### **Bústaðavegur, Suðurhlíðar og Veðurstofuhæð.**

Bústaðavegur klýfur Suðurhlíðar frá Hlíðahverfi. Byggð er lengra frá en við Miklubraut, en umferð er ekki síður hröð og þ.a.l. skapar hún mikinn hávaða. Jarðvegs-hljóðmanir eru meðfram byggðinni í Suður-Hlíðum, en engu að síður er umferðarniður í þeim hverfishluta sem finna þarf leiðir til að draga úr, auk þess sem Háahlíð og Hörgshlíð eru óvarðar fyrir hávaðamengun frá Bústaðavegi. Tryggja þarf öruggar og greiðar leiðir yfir Bústaðaveg milli Hlíðana norðan megin og Suðurhlíða og Öskjuhlíðar. Í allri uppbyggingu á Veðurstofuhæð þarf að gæta að því að halda í græn svæði til útivistar. Með uppbyggingu á að auka aðgengi að grænum svæðum fyrir fólk sem tam. notar hjólastól. Áhugavert verður að sjá hvað kemur úr sérstakri könnun sem verið er að vinna hjá Hverfisskipulagi og spyrja íbúa um álit sitt á uppbyggingu á Veðurstofuhæð.

Í Suðurhlíðum þarf að skoða sérstaklega að auka þjónustu við íbúa og vinna með hvernig má stuðla að verslun og þjónustu í hverfinu. Í skipulagi fyrir Veðurstofuhæð þarf að rýna sérstaklega hvernig Suðurhlíðarnar og byggð á hæðinni vinna saman að því að auka lífsgæði íbúa og auka þjónustu. Skoða þarf strætósamgöngur í Suðurhlíðunum og hvernig má færa stoppistöðvar nær íbúum í hverfinu.

### **Betri göngutengingar við Öskjuhlíð yfir Bústaðaveg.**

Þar sem Öskjuhlíðin er náttúrlegt útivistarsvæði hverfisins, þá er aðgangur að henni úr öðrum hlutum hverfisins mikilvægur. Bæta þarf aðgengi að Öskjuhlíð frá Valsheimili og uppfrá Litluhlíð.

## **Arnarhlíðarsvæði (Valssvæðið)**

Á Valssvæðinu er kjörið tækifæri til að byggja upp almennings-íþróttasvæði og auka aðgengi almennings að íþróttasvæðum í samstarfi við Valsfólk. Mikilvægt er að halda í græn svæði og almenningsvæði og að íbúar hafi sameiginleg dvalar- og leiksvæði í hverfinu.

## **Skólamál og lýðheilsa**

- Útikennslustofur eru dýrmætar börnum í hverfinu og koma mætti upp slíkum stofum sem skólarnir í 101 og 105 gætu nýtt sameiginlega. Tam. á Klambratúni, í Öskjuhlíð, Hljómskálagarði og á fleiri stöðum.
- Rýna þarf sérstaklega öruggar gönguleiðir barna í hverfinu að skólum sínum og leikskólum og skipuleggja markvisst. öruggar leiðir yfir götur.
- Framtíðarskipan skólamála er í vinnslu og eru hugmyndir um safnskóla í umsagnarferli hjá skólum í 105 og 101. Mikilvægt er að huga að uppbyggingu skóla, frístunda og félagsstarfs og landrými fyrir það í tengslum við Hverfisskipulagið og það pláss sem skólarnir og félagsmiðstöðvar þurfa til að stækka.
- Aðgengileg leik og dvalarsvæði fyrir börn og fólk á öllum aldri eru lykilatriði í öllum hverfum og það má fjölga slíkum svæðum markvisst í hverfishlutum og efla það sem fyrir er.
- Í sumum hverfishlutum eru færri leiksvæði en öðrum. Í hverfisskipulaginu má stuðla að uppbyggingu slíkra svæða. Sem dæmi í Holtunum. Þar verður sérstaklega gott þegar kemur Torg og má vinna útfærsluna vel með íbúum á svæðinu.
- Það eru margir skólar í hverfinu. Huga þarf að því hvernig skólaskipulagi verður háttað í nýju hverfi 102 og að finna góða lóð fyrir Barnaskóla Hjallastefnunar.

## **Lýðheilsa, Menning, frístundir og List**

- Það vantar fleiri aðgengileg leiksvæði sem eru hönnuð eftir hugmyndafræði um algilda hönnun. Þau nýtast öllum börnum.
- Fleiri listaverk í almannarými. Vinna þarf markvisst að því að auka list í almenningsrými. Þetta þarf að gera markvisst samhliða uppbyggingu í

hverfinu og vera í samstarfi við listafólk frá því snemma í hönnunar og skipulagsferlinu.

- öruggari göngu- og hjólaleiðir á Valssvæði og í Öskjuhlíð allstaðar að úr hverfinu.
- Uppbygging jaðaríprótta í hverfinu og pláss fyrir slíkt sport, m.a. Hjólabretti, Hlaupahjól, fjallahjól, BMX, Parkour og klifur.
- Aukið frístundaframboð í samstarfi við skóla í hverfinu.
- Kallað er eftir nýrri „félagsmiðstöð“ í Hverfinu sem býður upp á fjölbreytt starf fyrir alla íbúa í hverfinu sem og aðstöðu. Það þarf að finna góðan stað fyrir hana þar sem hún nýtist sem flestum. Þetta þarf að gera ásamt því að huga að áframhaldandi uppbyggingu Samfélagshúss í Bólstaðahlíð.
- Íþróttaiðkun á Klambratúni fyrir alla.
- Skapandi og opið leiksvæði í hverfinu, samstarf við listafólk og útikennslufólk.
- Í hverfinu er Kjarvalsstaðir. Auka má aðgengi íbúa að safninu með lengdum opnunartíma kaffihússins. Það má hugsa sér að hlutverk þess breytist eftir að opnunartíma sýninga á safninu lýkur á daginn. Einnig mætti skoða að nýta betur húsnæði borgarinnar í hverfinu t.a.m. skóla og leikskóla fyrir íbúa. T.d. fyrir litla leikhópa, hljómsveitir eða annað sem íbúar hafa frumkvæði að.

## **Náttúra og umhverfi í Hlíðum**

- Fleiri tré við umferðargötur
- Fleiri blóm, sígrænar plöntur.
- Útikennslustofa á Klambratúni og víðar
- Hreinsun á svæðum í Öskjuhlíðinni
- Varðveisla menningarminja, m.a. herminjar í Öskjuhlíð og Saltfiskmóinn.
- Hlýleg lýsing á svæði sem almenningur nýtir. Skoða sérstaklega leiksvæði.
- Vatnshóllinn og umhverfi þarf að vinna í góðu samstarfi við íbúa sem nota. Börn og fullorðna. Kallað hefur verið eftir að aðgengi verði greitt upp á hólinn til að fleiri getið notið.
- Við viljum að það verði rýnt sérstaklega með minjavernd og íbúum blokkarinnar á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar hvernig skipulagi þar verði háttáð.

- Matjurtarækt: Við viljum að það sé skoðað með íbúum í hverfinu að koma ræktunarsvæðum fyrir matjurtir fyrir ef fólk vill.

**Umferð stórra ökutækja í hverfinu þarf að takmarka:**

- Takmarka umferð stærri fólksflutningabifreiða inn í hverfi. Rútustopp á ákv. stöðum munu hjálpa til við það.